



Borgarráð

Reykjavík, 4. nóvember 2025
MSS25100158

Erindisbréf - Stýrihópur um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða.



Reykjavík



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um hlutverk Reykjavíkurborgar vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða

Ábyrgðaraðili:
Borgarstjóri.

Inngangur:

Leiðtogafundurinn í Höfða 11.-12. október 1986 markaði tímamót í alþjóðasögunni og staðfesti Reykjavík sem vettvang friðar og samræðna. Afmælishátíð fundarins er einstakt tækifæri fyrir Reykjavíkurborg til að laða að sviðsljós alþjóðasamfélagsins á nýjan leik, með áherslu á hlutverk borgarinnar sem friðar- og menningarhöfuðborg.

Slíkt tilefni getur skapað verulegt virði í formi fjölmiðlaumfjöllunar og alþjóðlegrar kynningar á Reykjavík. Það býður jafnframt upp á fjölbreytta viðburði á borð við málstofur, ráðstefnur og menningartengda dagskrá, sem styrkja ímynd borgarinnar, auka aðdráttarafl hennar fyrir ferðamenn og undirstrika mikilvægi sögulegra atburða sem gerðust hér.

Hlutverk:

Vinna að mótnun hugmynda um hlutverk Reykjavíkurborgar í tengslum við fyrirhugaða viðburði og markaðssetningu vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða 11. - 12. október 1986. Jafnframt að leggja fram tillögur um hvernig borgin geti með markvissum hætti haldið á lofti mikilvægi leiðtogafundarins og undirstrikað ímynd Reykjavíkur sem friðar- og samræðuvettvangs á alþjóðavísu.

Helstu verkefni:

- Móta hugmyndir og tillögur um hlutverk Reykjavíkurborgar í tengslum við fyrirhugaða viðburði og markaðssetningu vegna þess að 40 ár eru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða.
- Tryggja sem víðtækast samráð og samvinnu þannig að Reykjavíkurborg geti hagnýtt með sem bestum hætti þá alþjóðlegu athygli sem afmælið mun kalla fram og þá vinnu sem stendur til að leggjast í þvert á stofnanir og fyrirtæki.
- Eiga frumkvæði ásamt samstarfsaðilum að menningartengdum viðburðum og fræðslu, svo sem málstofum, ráðstefnum, menningartengdri dagskrárgerð eða miðlun í gegnum ljósmyndir, kvikmyndasýningar eða vefsíður sem fjalla um leiðtogafundinn og sögulegt mikilvægi hans.



**Stýrihópurinn skipa:**

Stefán Pálsson, formaður
Andrea Helgadóttir
Friðjón R. Friðjónsson

Starfsfólk stýrihópsins:

Guðmundur Birgir Halldórsson, skrifstofa samskipta og viðburða
Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, menningar- og íþróttasvið
Sindri Freyr Ásgeirsson, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Til ráðgjafar og samstarfs:

Utanríkisráðuneytið, Embætti forseta Íslands og Háskóla Íslands, með sérstakri áherslu á Alþjóðamálastofnun og Friðarsetrið í Höfða. Þá er mikilvægt að leita samstarfs við fjölmiðla og aðra sem geta lagt sitt af mörkum við undirbúning, framkvæmd og kynningu viðburða eða framleiðslu markaðsefnis. Stýrihópurinn leiti jafnframt ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn er skipaður til 30. apríl 2026.

Reykjavík, 6. nóvember 2025

Heiða Björg Hilmissdóttir
borgarstjóri